

Einhverju sinni hafði hann gefið svo mikið, að kona hans sagði honum, að þau hefðu hvorki brauð né mjöl í húsi sínu. En hann svaraði henni: „Fyrr hljóta steinar að verða að brauði en König deyi af hungri,“ enda rættust þessi orð því nær með öllu. Rétt á eftir kom ókunnur maður til Königs, og bað hann að snúa grein nokkurri á þýska tungu. König hafði lokið starfi þessu á þremur stundum, en vildi ekkert fyrir taka; en komumaður gekk þó síðar til malara eins, og bað hann að senda König mjölkvartil. Næsta dag gekk komumaður til Königs aftur, til að vita, hvort hann hefði fengið sendinguna. König spurði hann þá að nafni, og kvaðst hann heita *Steinn*. „Heyrirðu nú,“—sagði þá König við konu sína — „heyrirðu nú, þú trúarveika kona? Komumaður heitir *Steinn*. Sagði eg þér ekki, að fyrr hlytu steinar brauð að gefa, en König dæi úr hungri.“

---

### TIL GAMANS.

---

*Önnur hlið á máli.*—Kona kvartaði við skólaneftdar-mann yfir því, að drengurinn hennar hefði verið barinn í skólanum með reglustiku og hún brotin á honum.

Hann: „Góðin mín! heldur þú það hefði verið betra, að eitthvert beinið hefði brotnað í ódæla drengnokkanum þínum? Eg held þú ættir að vera þakklát fyrir, að reglustikan brotnaði.“

---

„*Sameiningin*“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „*Sam.*“, hálf örk. *Address* ritstjóra „*Barnanna*“: Selkirk, Man.

Hr. *Sigrbjörn A. Gíslason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaður „*Sam.*“ á Íslandi.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaður „*Sam.*“ og „*Barnanna*“.

*Address:* Sameiningin, P. O. Box 680, Winnipeg, Man.